

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til sildarvinnslu o. fl., undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1948, nr. 48.

Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Fjárukalög fyrir árið 1944, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1944, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.

Auglýsing um afnám visumgjalds, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. apríl 1948, nr. 53.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 22. marz 1948, nr. 54.

REGLUGERÐ

30

16. febr.

fyrir Vélbátatryggingu Reykjaness, Keflavík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allir bátaeigendur, sem eru í félaginu, eru skyldir til að láta báta sína fullnægja þeim ákvæðum, sem gilda á hverjum tíma um eftirlit með skipum, bátum og öryggi þeirra.

2. gr.

Þegar skip er tekið í váttryggingu í fyrsta sinn, skal greiða félaginu í inntökugjald 1% af váttryggingarupphæð skipsins. Nú flyzt skip milli váttryggingarfélaga vegna þess, að eigandi hefur bústaðaskipti, og skal þá eigandi greiða 1% í inntökugjald af váttryggingarupphæð skipsins, eins og hún verður ákveðin hjá félaginu. Þetta á þó ekki við um þá báta, sem eru í tryggingu hjá þeim félögum, sem sameinast í Vélbátatryggingu Reykjaness. Ef váttryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða inntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af umbótum á skipinu, en ekki vegna verðbólgu e. þ. h.

3. gr.

Bátseiganda ber skylda til þess að tilkynna félagsstjórninni bréflega, ef formannskipti verða á bát hans á váttryggingartímabilinu. Stjórnin getur hafnað formanni með samþykki Samábyrgðar Íslands

4. gr.

Virðingarmenn skulu í starfi sínu fara eftir þeim reglum, sem félagsstjórnin setur.

5. gr.

Um váttryggingu opinna vélbáta gilda þessi ákvæði:

Opnir vélbátar skulu ekki liggja við bryggjur eða bólverk nema á meðan

6

30 búist er í róður, og afli losaður í land. Að lokinni affermingu skal báturinn tafar-
16. febr. laust settur á land.

6. gr.

Hver þilfarsbátur, sem tryggður er hjá félaginu, er skyldur til að hafa innan-
borðs sérstakan dráttarkaðal, sem hæfir stærð og afli vélarinnar. Þennan dráttar-
kaðal má ekki nota til annars, og skal geyma hann vel varinn uppi á stýrishúsi,
eða á öðrum stað á skipinu.

7. gr.

Bátar, sem þarfnast aðstoðar, skulu fyrst og fremst leita eftir henni hjá skip-
um, sem að lögum er skylt að veita slíka aðstoð fyrir kostnaðarverð.

8. gr.

Þegar bátar liggja við bryggjur eða bólverk, er skipstjóra og eiganda skylt
að sjá um, að vagtmaður gæti bátsins. Tjón, er verða á bátum, er þeir liggja vagt-
mannslausir við bryggjur eða bólverk, er ekki skylt að bæta af váttrygkjendum.

9. gr.

Uppliði fastra legufæra (múrning) skal skoða a. m. k. einu sinni á ári af
trúnaðarmanni félagsins, en legufærin skulu tekin algerlega upp til skoðunar
þriðja hvert ár.

II. KAFLI

Ákvæði um, hvernig skipum skuli skipt í váttryggingarflokka.

10. gr.

Flokkar. Aðalflokkar eru tveir:

A-flokkur: Skip 30 rúmlesta og stærri.

B-flokkur: Skip undir 30 rúml. brúttó.

A-flokkur skiptist í tvo flokka:

A1-flokkur, eikarskip.

A2-flokkur, furuskip.

B-flokkur skiptist í tvo flokka:

B1-flokkur, eikarskip.

B2-flokkur, furuskip.

11. gr.

Eikarskip er skip, smíðað úr eik, þ. e. kjölur, kjalbak, bönd og byrðingur sé
úr eik eða jafnendingargóðu efni.

Furuskip er skip, smíðað úr furu, eða jafnendingargóðu efni.

12. gr.

Tímabil flokka:

A1-flokkur: Eikarskip 30 brúttó smálestir og stærri eru í:

1. iðgjaldsflokkki til 16 ára aldurs;

2. iðgjaldsflokkki til 28 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 40 ára aldurs.

A2-flokkur: Furuskip 30 rúml. br. og stærri eru í:

1. iðgjaldsflokkki til 8 ára aldurs;

2. iðgjaldsflokkki til 17 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 30 ára aldurs.

B1-flokkur: Eikarskip undir 30 rúml. br. eru í:

2. iðgjaldsflokkki til 16 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 30 ára aldurs.

B2-flokkur: Furuskip undir 30 rúml. br. eru í:

2. iðgjaldsflokki til 8 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokki til 24 ára aldurs.

Nú er óskað tryggingar á skipi, sem ekki fellur undir neinn framangreindra flokka, og skal félagsstjórnin þá ákveða iðgjaldið í hvert sinn.

13. gr.

Sé skip ekki smíðað eftir íslenskum reglum, eða reglum viðurkennds flokkunarfélags, og undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, eða eftirliti, sem viðurkennt er af henni, lækkar ofangreint tímabil um 4 ár í hverjum iðgjaldsflokki, 1., 2. og 3.

14. gr.

Þegar skip hefur náð hæsta aldursári í sínum flokki, skal það gaumgæfilega skoðað, og ásigkomulag þess rannsakað á kostnað eiganda. Komi þá í ljós við skoðunina, að allt viðhald á skipinu, ásigkomulag efnis, styrkleiki þess og allur útbúnaður sé þannig, að öruggt megi teljast að hafa skipið í þeim vátryggingarflokki, sem það var í, má framlengja aldurshámarkið um allt að sex ár fyrir eikarskip, en allt að fjögur ár fyrir furuskip.

15. gr.

Skipaæftirlit ríkisins hefur á hendi þá rannsókn á hæfni skipa til þess að vera lengur í sama tryggingarflokki, sem um getur í 14. gr., og lætur það félaginu í té rökstutt álit í því efni. Ef ágreiningur rís um það milli skipseiganda og vátryggjanda, í hvaða iðgjaldsflokki beri að telja eitthvert skip, sker skipaskoðunarstjóri úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI

Um iðgjöld, iðgjaldagreiðslur og endurgreiðslur (ristorno).

16. gr.

Árs-iðgjaldið skal vera:

Í 1. iðgjaldsflokki 5%

Í 2. iðgjaldsflokki 6%

Í 3. iðgjaldsflokki 7%

Opnir vélbátar 8%

Tryggingarárið skal vera frá 1. jan. til 31. des. Skal ávallt gefa út nýtt skirteini fyrir hvert tryggingarár. Þegar skirteinið hefur verið gefið út, er allt ársiðgjaldið fallið í gjalddaga, en veita má eigendum báta gjaldfrest á iðgjaldinu þannig, að þeir greiði iðgjaldið í fernu lagi með gjalddögum 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Láti bátseigandi hjá líða að greiða iðgjöld sín á tilsettum gjalddögum, er bátseiganda skylt að greiða félaginu í dráttarvexti 1% af hinu ógreidda iðgjaldi fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði frá gjalddaga til greiðsludags.

Iðgjald fyrir hafnar- og/eða uppsátursáhættu er $\frac{1}{8}$ % fyrir þilfarsháta fyrir hverja 30 daga samfleytt, en $\frac{1}{4}$ % fyrir opna vélbáta.

17. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík hafnarlega eða landstaða hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt.

Endurgreiðslu (ristorno) skal reikna hlutfallslega af greiddu ársiðgjaldi. Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda um uppistöðu eða

16. febr. **30** hafnarlegu, skal afhenda stjórn félagsins, og er það skilyrði fyrir því, að endurgreiðslan verði látin af hendi. Ekki geta önnur skip en þau, sem lagt er trygglega fyrir festum á öruggum stað, eða við bryggjur þar sem þau mega teljast örugg að dómi trúnaðarmanna félagsins, orðið aðnjótandi endurgreiðslu iðgjaldsins fyrir hafnarlegu.

Hafi skip orðið fyrir tjóni, sem bætt verður af váttryggingarfélagins hálfu, og sem fer fram úr helmingi greidds ársiðgjalds, fellur öll endurgreiðslan niður það tryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem er minna en helmingur ársiðgjaldsins, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjaldsins.

18. gr.

Til hafnar- og/eða uppsátursáhættu telst eigi sá tími, sem skip liggur í höfn, eða stendur á landi til viðgerðar á tjóni, sem bæta skal af váttryggjendum.

19. gr.

Nú flyzt skip með váttryggingu sína milli félaga, og skal félag það, sem tryggingunni sleppir, fella niður iðgjald fyrir þann tíma, sem eftir er af tryggingarárinu, miðað við þann dag, sem viðtakandi félag tók við tryggingunni.

Skip eru ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau standa uppi, en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið er í iðgjalda-skránni.

20. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að leyfa skipi, sem váttryggt er í félaginu, siglingu utan þeirra takmarka, sem í váttryggingarskírteininu greinir, en hafi það, að dómi félagsstjórnarinnar, aukna áhættu í för með sér, greiðir váttryggður aukagjald, sem félagsstjórnin ákveður í samráði við Samábyrgð Íslands í hvert sinn. Samkvæmt 30. gr. laga nr. 61 frá 31. maí 1947 ákveðast iðgjöld í hinum fjórum váttryggingarflokkum, svo sem segir í 12. og 16. gr. reglugerðar þessarar, og er ráðuneytið henni að öðru leyti samþykkt. Gildir iðgjaldaákvörðun þessi frá 1. janúar 1948.

Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um þetta efni.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

31

AUGLÝSING

17. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg, og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1948.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.